



464.fundur Þingvallanefndar
22. janúar 2020
Skrifstofa Þingvallanefndar
Austurstræti 12. klukkan 11.30.

Mættir: Ari Trausti Guðmundsson, Vilhjálmur Árnason, Líneik Anna Sævarsdóttir, Páll Magnússon, Guðmundur Andri Thorsson, Hanna Katrín Friðriksson og Karl Gauti Hjaltason sem fór fyrr af fundi. Auk þeirra sat fundinn Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður sem ritaði fundargerð.

Gestir: Margrét H. Hallmundsdóttir fornleifafræðingur og Gunnar Grímsson fornleifafræðinemi og flygildisstjóri og Lilja Jónasdóttir lögmaður Þingvallanefndar

Formaður setur fund:

Dagskrá:

1. Fornleifarannsóknir á Þingvöllum 2020.

Gestir: Margrét H. Hallmundsdóttir fornleifafræðingur og Gunnar Grímsson fornleifafræðinemi og flygildisstjóri.

Kynning á niðurstöðum og vinnubrögðum við fornleifaskráningu í þjóðgarðinum á Þingvöllum á árinu 2019. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum sækir um í Fornminjasjóð vegna áframhaldandi vinnu við fornleifaskráningu og rannsóknir. Margrét og Gunnar fjölluðu um áherslur í rannsóknum fyrir árið 2020 og mögulega erlenda samstarfsaðila í frekari rannsóknum. Meðal áhersluatriða árið 2020 er að kanna betur minjar í Miðmundatúni sem voru staðfestar endanlega sumarið 2019 með erlendum samstarfsaðila. Einnig er stefnt að því að skoða betur fleiri rústir í þinghelgi og víðar í þjóðgarðinum með hitamyndavélum á drónum ásamt því að kanna meintar rústir í Öxará og vinna að frekari úrvinnslu þeirra gagna sem fram hafa komið. Þjóðgarðsvörður kynnti einnig að umsókn varðandi rannsókn á bátsflaki í vatninu sem fannst fyrir tilviljun haustið 2018 hefur verið send inn af öðru rannsóknarteymi. Þjóðgarðurinn styður að bátsflakið sé skoðað frekar in-situ með fyrirvara um leyfi frá Minjastofnun og öðrum er fara með málaflokk minja og fornleifa.

2. Sumarbústaðarmál – Lilja Jónasdóttir lögmaður Þingvallanefndar

a. Forkaupsréttur að Efristígur 3.

Þingvallanefnd samþykkir að falla frá forkaupsrétti og heimila framsal lóðaleiguréttinda á Efristíg 3

a. Gjábakki 4

Þingvallanefnd samþykkir að fallið verði frá forkaupsrétti og heimilað framsal á sumarbústað að Gjábakka 4 og gengið frá kaupum í framhaldi, í samræmi við fyrirbyggjandi samþykki fjármála- og efnahagsráðuneytisins og umhverfisráðuneytis.

Fundi slitið

